



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Vestmannaeyjabær

Pósthólf 60

900 Vestmannaeyjar

Selfossi, 20. maí 2026

2511014HS RS

Efni: Deiliskipulag í Viðlagafjöru, breyting vegna stækkunaráforma Laxeyjar ehf. - umsögn um auglýsingu tillögu að deiliskipulagsbreytingu

Þann 9. apríl sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi frá Vestmannaeyjabæ í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um auglýsingu tillögu vegna breytinga á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í Viðlagafjöru.

Fyrirhuguð breyting felur í sér að deiliskipulagssvæðið er minnkað en athafnasvæði fiskeldisstöðvarinnar Laxeyjar hf. er stækkað þar sem lóðum er fjölgað og byggingarheimildir auknar. Deiliskipulagssvæðið er minnkað um 10 ha til vesturs en þar er í vinnslu aðskilið deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði á hrauninu. Eftir breytingu er stærð skipulagssvæðisins 39 ha. Lóð Viðlagafjöru 1 stækkar úr 9,09 ha í 11,9 ha og afmarkaðir þrír byggingarreitur fyrir eldisker, sláturhús, þjónustubyggingu og skrifstofur, og getur stærð bygginga verið allt að 71.000 m². Lóð Viðlagafjöru 2 stækkar úr 4,04 ha í 5,9 ha og á henni er einn byggingarreitur fyrir allt að 16 eldisker og getur stærð bygginga verið allt að 25.000 m². Lóð Viðlagafjöru 3 er 2,7 ha að stærð er bætt inn á uppdrátt og afmarkaður einn byggingarreitur fyrir fiskeldisstarfsemi þar sem stærð bygginga verið allt að 15.000 m². Staðsetningar hreinsivirkja eru sýnda á skipulagsuppdrætti. Nýr vegur hefur verið lagður vestan við Þorbjörn og niður í Viðlagafjöru og að lóðum á athafnasvæði fiskeldisins. Þrír áningarstaðir með bílastæðum, tveir norðan við svæðið og einn við Urðarvita, eru afmarkaðir

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir engar athugasemdir.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir

Rán Sturlaugsdóttir

heilbrigðisfulltrúi